

**REGLUR**  
**Reiknistofu bankanna hf. (RB)**  
**um aðgang að debetkortakerfi RB vegna kortaútgáfu**

**I. KAFLI**  
**Almennt**

**1. gr. Gildissvið. Tilgangur**

- 1.1. Reglur þessar gilda um aðgang að debetkortakerfi RB vegna kortaútgáfu.
- 1.2. Aðgangur samkvæmt reglum þessum nær eingöngu til aðgangs að DK-kerfi RB vegna kortaútgáfu, en ekki til aðgangs að Stórgreiðslu- eða Jöfnunarkerfi Seðlabanka Íslands og Greiðsluveitunnar sem taka við, jafna og gera upp debetkortafærslur. Um aðgang þáttakenda að slíkum kerfum fer eftir lögum nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og reglum, sem byggjast á þeim lögum, eins og þær eru á hverjum tíma. Um skilgreiningu á hugtakinu *Jöfnunarkerfi* vísast til núgildandi reglna Seðlabanka Íslands nr. 704/2009 um starfsemi jöfnunarkerfa. Um skilgreiningu á hugtakinu *Stórgreiðslukerfi* vísast til núgildandi reglna Seðlabanka Íslands nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi.
- 1.3. RB gegnir hlutverki vinnsluaðila í debetkortakerfinu fyrir bæði útgefendur korta og færsluhirða. Í samningssambandi RB við kortaútgefendur annars vegar og færsluhirða hins vegar er einungis fjallað um réttindi og skyldur hvors þessara aðila gagnvart RB og gagnstætt. RB er hugsanleg lögskipti framangreindra aðila við aðra með öllu óviðkomandi og ber enga ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né afleiddu, sem af slíkum lögskiptum kann að hljóttast.
- 1.4. Reglur þessar eru settar fram í samræmi við núgildandi lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Um skilgreiningu hugtaka í reglum þessum vísast til þess sem segir í framangreindum lögum. Verði ósamræmi á milli reglna þessara og laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu skulu ákvæði þeirra síðarnefndu gilda.
- 1.5. Tilgangur þessara reglna er að setja fram skilyrði sem kortaútgefandi þarf að uppfylla til að gerast þátttakandi í debetkortakerfi RB. Reglunum er ætlað að tryggja hlutlægni, jafnræði og meðalhóf við veitingu aðgangsins, mat á umsóknum og afgreiðslutíma þeirra, lokun aðgangs o.s.frv. Þá er reglunum ætlað að stuðla að virkri samkeppni.

Reglurnar miða að því að aðgangi sé ekki hamlað meira en nauðsynlegt er til að verjast tiltekinni áhættu, s.s. uppgjör-, rekstrar-, eða viðskiptaáhættu, sem og til þess að vernda fjárhagslegan og rekstrarlegan stöðugleika og skilvirkni debetkortakerfisins.

**II. KAFLI**  
**Þátttakendur**

**2. gr. Þátttakendur**

- 2.1. RB tekur ákvörðun um aðild eða synjun nýrra þátttakenda að debetkortakerfi og lok þátttöku aðila sem fyrir eru í kerfinu á grundvelli þessara reglna, ákvæða laga og fyrirmæla stjórnvalda sem varða reglur þessar á hverjum tíma.  
  
Ákvarðanir RB um aðild að debetkortakerfinu, þ.m.t. synjun og lok þátttöku, skulu byggðar á málefnalegum og hlutlægum forsendum, auk þess sem jafnræðis skal gætt.
- 2.2. Þátttakendur í debetkortakerfinu geta verið greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu sem uppfylla að öðru leyti þátttökuskilyrði samkvæmt reglum þessum og hafa hlotið samþykki RB.

- 2.3. RB getur samþykkt erlenda greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, enda hafi þeir tilskilin starfsleyfi til að veita slíka þjónustu, sé um starfsleyfisskylda aðila að ræða, lúti opinberu eftirliti sambærilegu því sem kveðið er á um í lögum um greiðsluþjónustu, og uppfylli að öðru leyti þáttökuskilyrði samkvæmt þessum reglum.

### 3. gr. Tengiliðir

- 3.1. Þátttakendur skulu afhenda RB lista yfir starfsmenn (tengiliði) sem unnt er að hafa samband við meðal annars vegna breytinga á reglum þessum eða ef upp koma vandamál tengd rekstri eða þjónustu debetkortakerfisins. Listarnir skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um nafn, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðar.
- 3.2. Þátttakendur bera ábyrgð á því að listar samkvæmt framangreindu séu réttir og uppfærðir.

### 4. Óbeinir þátttakendur

- 4.1. Óbeinir þátttakendur í debetkortakerfi RB eru lögaðilar, þ.m.t. greiðsluþjónustuveitendur, sem undirritað hafa samning við þátttakanda í debetkortakerfinu og getur á grundvelli hans sent fyrirmæli í gegnum debetkortakerfi RB.
- 4.2. Það er á ábyrgð þátttakanda, sem gert hafa samninga við óbeina þátttakendur, að fyrirmæli sem óbeinn þátttakandi sendir í gegnum debetkortakerfið séu rétt. Þátttakandi sem annast milligöngu fyrir óbeinan þátttakanda ber fulla ábyrgð á þátttöku hans samkvæmt samningi þeirra á milli, þ.m.t. tjóni sem rekja má til rangra fyrirmæla, athafna eða athafnaleysis óbeins þátttakanda.
- 4.3. Þátttakendur sem gert hafa samning við óbeina þátttakendur skulu tryggja að þeir uppfylli þau skilyrði sem fram koma í reglunum og skulu sjá til þess að tengingar óbeinna þátttakanda uppfylli allar kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Þátttakendur bera ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að óbeinir þátttakendur uppfylla ekki skilyrðin.
- 4.4. RB getur á hverjum tíma óskað eftir gögnum um samningssamband á milli þátttakanda og óbeinna þátttakanda og hvernig þátttakandi, sem gert hefur samning við óbeinan þátttakanda, tryggir að ákvæði þessarar greinar séu uppfyllt.

## III. KAFLI

### Þáttökuskilyrði. Aðgangsfærlið

#### 5. gr. Þáttökuskilyrði

- 5.1. Þátttakendur í debetkortakerfinu, skulu tryggja að tengingar, gögn og aðrir þeir þættir sem áhrif hafa á PCI DSS (e. *Payment Card Industry Data Security Standard*) öryggisvottun debetkortakerfisins uppfylli skilyrði staðalsins eftir því sem við á.
- 5.2. Þátttakendur skulu uppfylla eftirtalin skilyrði til þess að teljast hæfir til aðildar að debetkortakerfinu:
- uppfylla á hverjum tíma skilyrði reglna þessara,
  - lúta opinberu eftirliti stjórnvalds á Evrópska efnahagssvæðinu ef við á,
  - hafa gilt starfsleyfi viðkomandi eftirlitsstofnunar til þess að stunda greiðsluþjónustu, ef við á, og uppfylli þær kröfur sem stofnunin gerir fyrir veitingu slíks leyfis,
  - hafa á hverjum tíma yfir að ráða þeim búnaði, sem RB mælir fyrir um, sjá hér nánar grein 9.1. í reglum þessum,
  - uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til reksturs upplýsingatæknikerfa eftirlitsskyldra aðila, sbr. m.a. ákvæði leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um upplýsingatæknikerfi eftirlitsskyldra aðila,
  - hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi, viðbragðsáætlun og fyrirkomulagi vegna áhættustýringar í tengslum við þátttöku í kerfinu,

- g) hafa greitt þáttökugjald í debetkortakerfinu,
- h) hafa undirritað samning um þáttöku í debetkortakerfinu.

5.3. Tilgreind þáttökuskilyrði kunna að taka breytingum. Þátttakendur skulu að jafnaði vera búnir að uppfylla breytingar á þáttökuskilyrðum innan þriggja mánaða frá því að þeim er tilkynnt um breytingar. Allar breytingar á skilyrðunum og mat á hæfi þátttakenda til þáttöku í kerfinu skulu vera hlutlægar og málefnalegar, auk þess sem jafnræðis skal gætt.

#### 6. gr. Aðgangserlið

- 6.1. Umsækjendur sem uppfylla skilyrði reglna þessara geta sótt um aðild að því kerfi sem reglur þessar gilda um. Umsókn skal vera skrifleg. Með umsókninni skulu fylgja með gögn sem staðfesta að umsækjandi uppfylli skilyrði reglna þessara. RB skal innan 7 daga staðfesta móttöku umsóknarinnar. Gert er ráð fyrir að aðild verði að jafnaði staðfest innan átta vikna frá dagsetningu fullgildrar umsóknar teljist skilyrði reglna þessara uppfyllt.
- 6.2. Þátttakendur sem fá aðild að debetkortakerfinu skulu í upphafi greiða tengigjald samkvæmt gildandi gjaldskrá RB hverju sinni og gera skriflegan samning við RB um þáttökugjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.
- 6.3. Í þjónustusamningi sem gerður er á milli RB og þátttakanda um aðgang að kerfi sem reglur þessar taka til skal sjónarmiða um jafnræði þátttakenda gætt.
- 6.4. RB getur á hverjum tíma óskað eftir frekari gögnum og staðfestingum frá umsækjendum sem RB telur nauðsynleg, m.a. til að fá staðfestingu á því að hann uppfylli skilyrði reglna þessara reglna.

### IV. KAFLI Lokun aðgangs

#### 7. gr.

7.1. Ef stöðugleika kerfisins er ógnað, þátttakandi í debetkortakerfinu brýtur og/eða uppfyllir ekki reglur þessar eða lög og reglur sem um greiðsluþjónustu gilda getur RB lokað aðgangi þátttakanda að debetkortakerfinu, enda hafi þátttakandi ekki sinnt áskorunum um úrbætur innan eðlilegra tímamarka.

Bregðist þátttakandi ekki við áskorunum í samræmi við framangreint er RB heimilt að rifta þáttökusamningi án frekari fyrirvara.

7.2. RB getur sett þáttakanda, sem svo er ástatt um sem segir í grein 7.1., tímabundin skilyrði fyrir áframhaldandi þáttöku í debetkortakerfinu, enda mæli sérstök sjónarmið með því. Slík skilyrðasetning kemur ekki í veg fyrir að RB synji þáttakanda síðar um þáttöku.

7.3. Við sérstakar aðstæður, t.d. vegna þess að aðgangur þátttakanda veldur truflunum, skapar hættu eða ógnar stöðugleika kerfisins á einhvern hátt, er RB heimilt, án fyrirvara, að loka aðgangi þátttakanda að debetkortakerfinu tímabundið. Sama gildir ef brot þátttakanda er sérstaklega alvarlegt að mati RB. Lokun aðgangs samkvæmt þessu ákvæði skal aldrei vera lengri en þörf er á.

RB skal í slíkum tilfellum leitast við eftir fremsta megni að hafa samband við tengilið þátttakanda áður en gripið er til aðgerða samkvæmt þess sem segir í þessari grein.

7.4. RB skal hafa sjónarmið um hlutlægni, jafnræði og meðalhóf til hliðsjónar við töku ákvarðana um lokun aðgangs. Þannig skal ákvörðun RB að jafnaði vera rökstudd og tekin að undangengnum andmælarétti þátttakanda.

7.5. Komi til þess að úrræðum samkvæmt þessum kafla sé beitt skal RB tilkynna um það til Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

## V. KAFLI Breytingar og endurskoðun

### 8. gr.

- 8.1. RB hefur heimild til að breyta reglum þessum. Auk þess kunna brýnar öryggiskröfur, breytingar á lögum, fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda að kalla á breytingar á reglum.
- 8.2. Breytingar skulu tilkynntar tengiliðum með sannanlegum hætti, t.d. með tölvupósti, áður en ný eða breytt ákvæði taka gildi. Þátttakendur, sem gert hafa samning við óbeina þátttakendur, bera ábyrgð á því að upplýsa þá um breytingar.
- 8.3. Tilkynna skal um allar breytingar á reglum þessum til þátttakenda og skulu þær ekki taka gildi fyrr en að 30 dögum liðnum hið skemmsta frá því að tilkynning um breytingu átti sér stað, nema brýnar öryggiskröfur, breytingar á lögum, fyrirmæli eða ákvarðanir stjórnvalda feli í sér styttri frest.

## VI. KAFLI Önnur ákvæði

### 9. gr. Tæknilegur búnaður

- 9.1. Þátttakendur skulu hafa yfir að ráða tæknilegum búnaði sem RB skilgreinir á hverjum tíma að nauðsynlegur sé til aðgangs að kerfinu. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar hverju sinni eru birt á heimasíðu RB, sjá einnig fylgiskjal með reglum þessum. Breytingar á viðmiðunum skulu kynntar í þátttakendum samræmi við grein 8.

### 10. gr. Upplýsingagjöf

- 10.1. Þátttakendur skulu tilkynna RB um öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi kerfisins. Varði röskun hagsmuni annarra þátttakenda í kerfinu (þ.m.t. kortaútfendanda eða færsluhirða) er RB er skylt að upplýsa þá um slík tilvik. RB ber ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né afleiddu, sem kann að leiða af framangreindu.

### 11. gr. Úrskurðar- og réttarúrræði

- 11.1. Um aðgengi greiðsluþjónustuveitenda að debetkortakerfi RB fer samkvæmt samkeppnislögum, sbr. nú 75. gr. laga nr. 120/2011.
- 11.2. Þátttakendur geta borið niðurstöðu RB um ákvarðanir og úrlausnir RB byggðar á þessum reglum, s.s. um lok eða synjun þátttöku að DK-kerfinu, til nefndar, sem skal skipuð skal þremur mönnum. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytinu, einn skal tilnefndur af RB og skal sá vera óháður RB í samræmi við það sem segir í annarri málsgrein þessarar greinar, og einn skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal setja sér starfsreglur, þ.m.t. reglur um kostnað vegna málsmeðferðar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að kæra berst.

Nefndarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá RB, hluthöfum félagsins eða fyrirtækjum sem hluthafi á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar.

**12. gr. Gildistaka**

- 12.1. Reglur þessar öðlast þegar gildi.
- 12.2. Reglur þessar og breytingar á þeim eru birtar á heimasíðu RB, [www.rb.is](http://www.rb.is).